



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 143/627  
komudagur 10.12.2013

Reykjavík, 6. desember 2013

R13110161

175

HBL/rs

Alþingi - nefndasvið  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### ***Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala, 10. mál***

Á fundi borgarráðs, dags. 5. desember 2013, var lögð fram svohljóðandi tillaga að umsögn ráðsins:

Borgarráð Reykjavíkur tekur undir tillögu flutningsmanna um að hraða undirbúningi og byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Mikilvæg rök hníga að því að skynsamlegt og áriðandi sé að hefja þessa framkvæmd sem allra fyrst.

Borgarráð bendir sérstaklega á eftirtalin atriði sem m.a. var lögð áhersla á í tengslum við gerð nýs deiliskipulags á lóð Landspítalans sem samþykkt var í árslok 2012.

Bygging nýs Landspítala Háskólasjúkrahúss er mikilvæg fyrir framtíð heilbrigðisþjónustu í landinu. Þær aðstæður sem núverandi Landspítali býr við eru óviðunandi og þörf er á tafarlausum úrbótum. Áform um nýjan spítala gera ráð fyrir sameiningu á mjög dreifðri starfsemi með nýbyggingum og endurnýjun eldri bygginga, ásamt endurnýjun á tækjakosti og búnaði. Áformin taka mið af þeirri þróun sem á sér stað í þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra og breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar sem kallar á aðrar áherslur en áður í sjúkrahúsrekstri.


Vandaðar áætlanir sýna ótvírætt að bygging og rekstur nýs Landspítala Háskólasjúkrahúss er hagkvæm lausn, bæði í bráð og lengd. Þótt rekstrarkostnaður eigin húsnæðis aukist vegna nýbyggingar vegur hagræði í leigu- og flutningskostnaði m.v. núverandi ástand hann fullkomlega upp. Framkvæmdin hefur jafnframt jákvæð áhrif á annan rekstrarkostnað, eykur öryggi og gæði þjónustunnar og dregur úr áhættu og óvissu bæði í meðferð sjúklinga og vegna starfsmannahalds.

Með byggingu nýs Landspítala Háskólasjúkrahúss skapast tækifæri til að stórefla þekkingarstarfsemi og þróun í heilbrigðisvísindum og heilbrigðisþjónustu. Nálægð og tengsl við háskóla og vísindastofnanir í Vatnsmýrinni geta stuðlað að því að þarna verði miðstöð þekkingartengdrar starfsemi eins og best gerist við háskólasjúkrahús erlendis. Ekki verður ofmetið hvaða þýðingu það hefur sem aðdráttarafl fyrir vel menntað og hæft starfsfólk á öllum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Bygging hins nýja spítala er stór framkvæmd og mikil fjárfesting sem væri mikilvæg fyrir atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu í kjölfar þeirrar efnahagslæðar og

kyrrstöðu sem verið hefur undanfarin ár.

Borgarráð samþykkti erindið.

  
Helga Björk Laxdal  
e.u.